

ÁHERSLUVERKEFNI Höfuðborgarsvæðisins 2022 (til 2024)
Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.
Jan 2022

Heiti verkefnisins	Nýsköpunar- og samkeppnisverkefni á sviði velferðar- og samfélags, og umhverfis-og samgöngumála
Númer verkefnis	010
Markmið	Að hvetja til þátttöku atvinnulífsins í nýsköpunarverkefnum á sviði velferðar-og samfélagsmála annars vegar og umhverfis- og samgöngumálum hins vegar. Að efla samstarf atvinnulífs og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu innan beggja málaflokkanna.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Ætlunin er að efna til samkeppnisverkefna innan tveggja aðalkafla Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins, <i>Velferð- og samfélag og Umhverfis-og samgöngumál</i>. Ætlunin er að styðja við nýsköpunarverkefni sem tengja saman atvinnulíf og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Við utanumhald verkefna verða nýttir ferlar og starfsreglur Sóleyjar sjóðsins, sem þegar er vistaður hjá SSH, og voru nýttir til að styrkja verkefni sem samþætta ferðaþjónustu, nýsköpun og sjálfbærni. Auglýst verður eftir þátttakendum sem hafa hugmyndir að verkefnum sem falli undir annað hvorn kafla sóknaráætlunar.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Vísinda, iðnaðar -og nýsköpunarráðuneytið Atvinnuþróun, nýsköpun, samstarf sveitarfélaga og atvinnulífs
Framkvæmdaaðili	Verkefnið er vistað hjá SSH. Ráðgjafi / Verkefnastjóri stýrir verkefninu.
Samstarfsaðilar	Hagaðilar á höfuðborgarsvæðinu
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „atvinna og nýsköpun“ og meginmarkmið „nýsköpun“
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	01 – engin fátækt 03 – heilsa og vellíðan 04 – menntun fyrir alla 05 – jafnrétti kynjanna 07 – Sjálfbær orka 09 – Nýsköpun og uppbygging 11 – Sjálfbærar borgir og samfélag 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla 13 – Aðgerðir í loftlagsmálum 14 – Líf í vatni 15 – Líf á landi
Árangursmælikvarðar	

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Minnsta kosti 5 samstarfs- og nýsköpunarverkefni í hvorum málaflokki fyrir sig verði styrkt upp að ákveðinni upphæð. Með auknu samtali og samstarfi atvinnulífsins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir að grunnur verði lagður að öflugu samstarfi milli aðila.
Upphaf og lok verkefnis	Febrúar 2022 – 31.desember 2022
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	11.000.000 Tímagjald tekur mið af verðlagi hvers árs (launavísitölu)
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	10.000.000
Mótframlag (ef við á)	1.000.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Nýsköpunarlandið Ísland

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Heiti verkefnisins	Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins (Location Reykjavik Capital Area)
Númer verkefnis	006
Markmið	Að kynna fyrir erlendum frumkvöðlum, fyrirtækjum, sérfræðingum stúdentum og öðrum hagsmunadílum, höfuðborgarsvæðið sem vænlegan staðarvalkost, uppsprettu nýsköpunar og sjálfbærni og góðan stað til að búa á.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Megin áhersla er á miðlun efnis á vefnum: www.investinreykjavik.com . Að þar séu til staðar uppfærðar og hagnýtar upplýsingar um höfuðborgarsvæðið, frumkvöðlaumhverfið, fyrirtæki, menntunarmöguleika, menningu, búsetu, tölfraði, lýðfraði og þjónustu sveitarfélaga, ásamt öðrum upplýsingum sem draga fram samkeppnishæfni og búsetukosti svæðisins. Einnig verði skoðað framtíðarfyrirkomulag á vistun, eignarhaldi og rekstri verkefnisins, þ.e. hvort það haldi áfram að vera vistað innan SSH eða verði fært annað, til dæmis áfangastaða- og markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, sem sveitarfélögin hafa skoðað að koma á laggirnar.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Atvinnuþróun, efling alþjóðlegrar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Vísinda, iðnaðar -og nýsköpunarráðuneytið, ferðamála, viðskipta- og menningarmálaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Verkefnið er vistað hjá SSH. Verkefnastjóri fylgir verkefninu.
Samstarfsaðilar	Hagaðilar á höfuðborgarsvæðinu
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „atvinna og nýsköpun“ og meginmarkmið „nýsköpun“
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	08 – Góð atvinna og hagvöxtur 09 – Nýsköpun og uppbygging 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum
Árangursmælikvarðar	Verkefnið Location Reykjavik Capital Area fellur undir skilgreiningu „almanna diplómatíu“ (public diplomacy) þ.e. miðlun upplýsinga til hagaðila erlendis, með það að markmiði að efla skilning og auka stuðning við hagsmuni Íslands í hnattrænum heimi. Þannig beita sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sér fyrir samtali og miðlun upplýsinga til breiðs hóps fólks á sviði stjórn mála, atvinnulífs, vinnumarkaðar og menntastofnana. Einnig til skoðanamyndandi aðila og annarra sem málið varðar með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf til Íslands og höfuðborgarsvæðisins.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver	Upplýsingavefur www.investinreykjavik.com , sem felur í sér kynningu á höfuðborgarsvæðinu sem staðarvalkost og stöðuga miðlun uppfærðra upplýsinga frá fjölbreyttum upplýsingaveitum,

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

verður ávinningur samfélagsins?)	m.a. þar sem samkeppnis- og nýsköpunarhæfni er mæld miðað við önnur borgarsvæðisvæði.
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2022 – 31.desember 2022
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnistíma)	5.000.000 Tímagjald tekur mið af verðlagi hvers árs (launavísitölu)
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	4.000.000
Mótframlag (ef við á)	1.000.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Heiti verkefnisins	Forvarnir og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu
Númer verkefnis	011
Markmið	Koma á fót samstarfsvettvang til að efla og auka samstarf á sviði forvarna og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu, sem fengi einnig það verkefni að skoða kosti þess að sveitarfélögin vinni að samræmdri stefnu um geðrækt ungmenna. Markmið er að auka samráð, miðlun reynslu og þekkingu á sviði málaflokksins.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Sveitarfélög og hagaðilar skipa fulltrúa í þverfaglegan samstarfsvettvang hjá SSH um málefni forvarna og geðræktar ungmenna. Verkefni slíks vettvangs væri að auka samstarf, stuðla að samræmingu, deila reynslu og þekkingu milli fagaðila, ásamt því að skoða fýsileika þess að vinna að samræmdri stefnumörkun innan málaflokksins. Lagt er upp með að sækja innlegg og samstarf til erlendra aðila. Ráðinn verði verkefnastjóri til að stýra verkefninu. Gert er ráð fyrir að halda forvarnarþing í upphafi vinnunnar þar sem fengið er innlegg í umgjörð og stefnumörkun verkefnisins.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Mennta-og barnamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið Félags -og fjölskyldumál Málefni barna og ungmenna
Framkvæmdaaðili	Verkefnið er vistað hjá SSH. Ráðgjafi/verkefnastjóri fylgir verkefninu.
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög og hagaðilar á höfuðborgarsvæðinu sem vinna að fræðslu, forvörnum og ráðgjöf fyrir ungt fólk.
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „Velferð og samfélag“ og meginmarkmið „Auka heilsueflingu og forvarnir“
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	01 – engin fátækt 03 – heilsa og vellíðan 04 – menntun fyrir alla 05 – jafnrétti kynjanna
Árangursmælikvarðar	Í lok árs verði sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu komin með samræmda stefnu og virka samvinnu um forvarnir og geðrækt hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.
Lokafurð (hver verður lokaafurð)	Að starfandi sé sameiginlegur vettvangur hagaðila á höfuðborgarsvæðinu sem vinnur samkvæmt sameiginlegri stefnu um forvarnir og geðrækt ungs fólks.

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Áfangaskýrslur um stöðu og ávinning verkefnisins.
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2022 – 31.desember 2022
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnistíma)	7.500.000 Tímagjald tekur mið af verðlagi hvers árs (launavísitölu)
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	6.500.000
Mótframlag (ef við á)	1.000.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	

Heiti verkefnisins	Kynning og miðlun niðurstaðna sóknaráætlunar
Númer verkefnis	012

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Markmið	Að vekja athygli á og miðla niðurstöðum verkefna Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins í upphafi nýs kjörtímabils.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Halda ráðstefnu og fundi með kjörnum fulltrúum, lykilstarfsmönnum sveitarfélaga, öðrum hagaðilum og sérfræðingum til að fjalla um áherslur, niðurstöður og stöðu verkefna Sóknaráætlunar. Þá verði bættur enn frekar framsetning á tölfræði vinnunnar á heimasíðu SSH.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Vísinda, iðnaðar -og nýsköpunarráðuneytið. Innviðaráðuneytið.
Framkvæmdaaðili	Verkefnið er vistað hjá SSH. Ráðgjafi / Verkefnastjóri fylgir verkefninu.
Samstarfsaðilar	Sorpa, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun, Hagsmunasamtök heimilanna, Festa miðstöð um samfélagsábyrgð.
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „ <i>umhverfis- og samgöngumál</i> “.
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	03 – Heilsa og vellíðan 07 – Sjálfbær orka 09 – Nýsköpun og uppbygging 11 – Sjálfbærar borgir og samfélag 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla 13 – Aðgerðir í loftlagsmálum 14 – Líf í vatni 15 – Líf á landi
Árangursmælikvarðar	Haldin verður minnst ein ráðstefna um niðurstöður verkefna og einn hugarflugsfundur um málefnið fyrir árslok 2022.
Lokaferð (hver verður lokaferð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Aukin vitund og þekking á málefnið hjá kjörnum fulltrúum lykilstarfsmönnum og sérfræðingum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	Febrúar 2022 – 31.desember 2022.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	1.500.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	500.000
Mótframlag (ef við á)	1.000.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Heiti verkefnisins	Áætlun um landnotkun, húsnæði og samgöngur
Númer verkefnis	013
Markmið	Skóðað verði að gera samkomulag milli ríkis (ríkisstofnana) og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framtíðarsýn í málaflokkum landnotkunar, húsnæðis og samgangna, að finnskri fyrirmynd.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Fyrirmynd er svokallaðir MBT samningar milli finnska ríkisins og mismunandi landshluta í Finnlandi, sem samþætta landnotkun, húsnæði og samgöngur. Byggjast slíkir samningar á sameiginlegri framtíðarsýn hagaðila um sjálfbæra þróun svæðanna í ofangreindum málaflokkum. Samningar gera einnig grein fyrir fjárfestingum í innviðum sem hagaðilar telja forsendu fyrir sjálfbærri þróun svæðanna, t.d. samgöngu- og veituvinnviði, skóla og þjónustuvinnviði, auk annarra innviði sem bæta lífsgæði og samkeppnishæfni svæðanna. Samningum er ætlað að auka samhæfingu uppbyggingu innviða og stuðla að kolefnishlutlausum landshlutum. Samningum er einnig ætla að draga úr umferð, auka uppbyggingu húsnæðis, tryggja félagslega blöndun og auka fjölbreytileika húsnæðis – í takti við fyrirhugaða íbúafjölgun. Verkefnið talar við sáttmála núverandi ríkisstjórnar um samstarf þar sem segir um húsnæðismál: <i>Áætlunir í samgöngumálum, húsnæðismálum og skipulagsmálum verða samþættar og lagðar fram samhliða og þannig tryggt að samgöngur séu í þágu byggðar og loftslags til að uppfylla ferðaþörf og skapa sjál fær hverf og sjál færar byggðir (bls. 36).</i> Verkefnið yrði unnið á vettvangi SSH með utanaðkomandi aðstoð ráðgjafa.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Innviðaráðuneytið og eða stofnanir ríkisins.
Framkvæmdaaðili	Verkefnið er vistað hjá SSH. Ráðgjafi / Verkefnastjóri fylgir verkefninu.
Samstarfsaðilar	Húsnæðis og Mannvirkjastofnun, Skipulagsstofnun,
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „umhverfis- og samgöngumál.“
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	03 – Heilsa og velliðan 07 – Sjálfbær orka 09 – Nýsköpun og uppbygging 11 – Sjálfbærar borgir og samfélag 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla 13 – Aðgerðir í loftlagsmálum
Árangursmælikvarðar	
Lokaferð	Skýrsla um niðurstöður verkefnisins ásamt næstu skrefum þar sem

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

(hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu undir hatti sóknaráætlunar.
Upphaf og lok verkefnis	Febrúar 2022 – 31.desember 2022.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	3.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	2.500.000
Mótframlag (ef við á)	500.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Heiti verkefnisins	Þróunar- og forvarnarverkefni í samstarfi með Fjölsmiðjunni
Númer verkefnis	014
Markmið	Að auka vellíðan nema Fjölsmiðjunnar og stuðla að því að þeir fjölgi farsælum ákvörðunum í daglegu lífi. Að „þjálf“ viðhorf nema sem stuðla að farsælum ákvörðunum. Samhliða þróa framfaraskráningar og úrvinnslu þeirra til að meta árangurinn og bæta.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Fjölsmiðjan er vinnu- og fræðslusetur fyrir ungt fólk á höfuðborgarsvæðinu. Ætlunin er að styðja við og þróa úrræðið „Fimm leiðir að vellíðan“, sem er ætlað að þjálf nema Fjölsmiðjunnar í taka fleiri farsælar ákvarðanir í lífinu, þróa skráningar á framförum hjá nemum og vinna úr skráningum til að meta betur árangur af verkefninu. Virkniúrræðið Fimm leiðir að vellíðan byggir á eftirfarandi fimm leiðum: Myndum tengsl, hreyfum okkur, tókum eftir, höldum áfram að læra og gefum af okkur. Fimm leiðir að vellíðan skv. ábendingum Landlæknis, byggir á breskum rannsóknum. HAM- leiðrétt hugsanaskekkjur. Upplýsingum á vef Landlæknis almennt um heilsuefningu. Samhliða er byggt á stuðningi og reynslu utanaðkomandi fagaðila og starfsmanna Fjölsmiðjunnar.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Mennta-og barnamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið Félags -og fjölskyldumál Málefni barna og ungmenna
Framkvæmdaaðili	Verkefnið er vistað hjá Fjölsmiðjunni og unnið í samstarfi við SSH. Ráðgjafar Fjölsmiðjunnar sjá um að halda utan um og vinna verkefnið og upplýsa SSH reglulega um framgang þess og árangur.
Samstarfsaðilar	Fjölsmiðjan, utanaðkomandi fagaðilar.
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „Velferð og samfélag“ meginmarkmið „Auka heilsuefningu og forvarnir“
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	01 – engin fátækt 03 – heilsa og vellíðan 04 – menntun fyrir alla 05 – jafnrétti kynjanna
Árangursmælikvarðar	Með reglulegum framfaraskráningum hjá nemum, gefst möguleiki á því að meta líðan þeirra skv. eigin einkunnagjöf. Þróuð verður frekar úrvinnsla upplýsinganna til að meta árangurinn. Tölur um fjölda einstaklinga sem fara í nám / vinnu / atvinnuleit eftir veru þeirra í Fjölsmiðjunni.

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	Samskipti við nema, ráðgjafa og fjölskyldur nema.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Með reglulegri skráningu og úrvinnslu upplýsinga um framfarir nema verður úrræði Fjölsmiðjunnar markvissara og koma fleiri nemunum til góða. Með því að fjölga farsælum ákvörðunum nema er Fjölsmiðjan í einstakri aðstöðu til að blanda saman í starfseminni, vinnu / virkniþjálfun úti í deildum + fræðslu pr. einstakling og í hópum + sköpun + hreyfingu. Þannig verður Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu enn mikilvægari lífsleikniskóli. Áfangaskýrslur um stöðu og ávinning verkefnisins.
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2022 – 31.desember 2022
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnistíma)	5.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	4.500.000
Mótframlag (ef við á)	500.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	